

Mai Pési

172 tbl. 14. Árgangur maí. 2004
Útgefandi Hrunamannahreppur.
E-mail pesi@fludir.is
Sími: 480-6600

Ritstj Ísólfur Gylfi Pálmason
Sími:486-6617
-6617 . Hs. 4863410

Í júní kemur Pésinn út föstud. 11.júní

Skilafrestur á efni er til 7. júní.

Rusladagur 28.maí kl.16.00.

Mæting er við Grund (Versl Strax). Þar verða afhentir plastpokar og ruslamálaráðherra skipuleggur hópa. Skorað er á börn og fullorðna að mæta. Íbúar og félagasamtök eru hvött til að vera búnin að taka til á sínu umráðasvæði fyrir þennan tíma.

Ruslamálaráðherra
og sveitastjóri Hrunamannahrepps.

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vör
uafg
reið
sla í
Rvk
„

Vantar hross til leigu

Hestaleigan Steinsholti vill taka hross á leigu í sumar. Við pössum upp á að vel sé farið með hrossin og þau fái passlega brúkun. Okkur vantar líka hross til láns í styttri tíma í júlí og ágúst, tilvalið til að halda hrossunum í formi. Einungis þæg hross koma til greina. Stundum seljast hestar í svona ferðum ef fólk er að spá í það. Upplýsingar gefa Gunnar og Kari í síma 486-6069.

AÐ
AL
FL

UTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík:

mánud- föstud. kl. 16.00

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

Tímamantanir í síma 566-8342

og 897-3741(Hlíf)

VÖNDULL ehf.-

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Nýr geisladiskur til sölu með
hljómsveitinni Síni.

12 frábær íslensk lög verð 1200 kr
Upplýsingar hjá Sigga og Nínu í síma
486-6709 og 865-3577

Er ekki einhver sem vantar smá
sumarvinnu?

Okkur vantar barnapíu til að gæta
fimm ára gamallar stelpu.
Upplýsingar gefa Siggi og Nína
í síma 899-1169 og 865-3577

Barnapössun

Óska eftir duglegri stelpu til að passa bræður 2ja og 4ra ára, frá miðjum júlí í ca 2-3 vikur. Einnig óskast vinna fyrir 14 ára duglegan stráak. Upplýsingar í síma 486-6131 eða 848-1474 Steinunn.

Barnapía óskast

Barnapía óskast í sumar á Flúðum, fyrir 15 mánaða hressan stráak. Upplýsingar í síma 868-5602 eða 482-1118 (Freyja)

Barnapössun

Vantar duglega stelpu til að passa 4ra ára stráak. Hálfan daginn (eftir hádegi) í júní og allan daginn í júlí og ágúst. Upplýsingar í síma 865-7499 Slavik.

Frá sundlauginni á Flúðum

Opnunartími frá 1. júní:

Mánudaga til föstudaga 10:00-22:00
Laugadaga og sunnudaga 09:00-19:00

Opnunartími Bókasafns Hrunamanna

Sumaropnun

Mánudaga 20:00-21:00
Þriðjudaga 16:00-18:00.
Miðvikudaga 16:00-18:00



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana
28. maí, 11. júní
og 25. júní
Pantið tímanlega.

Tímamantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



FLÚDALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga

Frá: Vöruflutningamiðstöðinni

Klettagörðum 15, kl: 15:00

Frá Selfossi kl: 16:00

Annast einnig flutning á áburði og skeljasandi

Pálmár: 892-2370

Bílstjóri: 892-2371

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: fludal@hvippinn.is



Nemendur í 9. bekk Flúðaskóla stefna á að fara í námsferð til Danmerkur í haust og heimsækja vinabekk sinn á Sjálandi. Til þess að hafa efni á þessu þurfa nemendur að vinna fyrir farinu. Nemendur eru fúsir að taka að sér ýmsa vinnu (í umsjón foreldra), gegn gjaldi.

Dósasöfnun

Þegar hefur verið ákveðið að safna dósnum annan laugardag í maí - ágúst í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Farið verður á alla bæi og í hvert hús.

Kirkjugarðsláttur í Hruna

Nemendur hafa fengið vinnu við að slá kirkjugarðinn í Hruna í sumar.

Starfskraftar úr 9. bekk

Erum tilbúin að taka að okkur ýmis viðvik. T.d. gluggaþvott, tiltekt á hlöðum, skemmta í barnaafmælum, andlitsmálun.....hvar þurfið þið aðstoð?

Vinsamlegast hafið samband við Maríu í síma: 486-6520,893-6520 eða Guðjón í síma 486-6702, 848-0448 Gleðilegt sumar!

Með kveðju, nemendur 9. bekkjar Flúðaskóla og foreldrar.

Til Karlakórsins

Mig langar til að koma á framfæri þökkum til Karlakórs Hreppamanna fyrir frábæra skemmtun í Langholtskirkju þann 27. apríl síðastliðinn. Kraftur,agi og sönggleði mikil einkenndi þá félaga og skiluðu sínum söng svo vel að allir hrifust með. Það er ekki ofsögum sagt að Edit og Miklos hafa unnið stórgott starf í tónlistarmálum og mikill akkur í svona frábæru tónlistarfólki í sveitinni.

Ég er farinn að hlakka til næstu tónleika að ári - eða fyrr, en raula þangað til í huganum margar perlur sem karlakórinn söng, innlendar og erlendar og finnst ég alveg sérlega hundheppinn að hafa fengið að njóta vel um kvöldstund.

Hafið bestu þökk fyrir!
Burtfluttur Hreppamaður

Danmerkurferð 9. bekkjar

Árið 2004 kl. 14.00 kom hreppsnefnd Hrunamanna saman til fundar í fundarsal ráðhússins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Þorsteinn Loftsson, Unnar Gíslason og Sigurður Ingi Jóhannsson sem setti fundinn og stjórnaði fundi. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri skráði fundargerð. Í upphafi óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboðið. Í lok fundarins kemur Hannibal Kjartansson og segir frá fyrirhuguðum framkvæmdum við Gamla tún. Engar athugasemdir voru gerðar. Því næst var gengið til dagskrár sem er eftirfarandi:

Dagskrá:

1. Erindi frá Áhugafélagi um verndun sæluhúsa á afrétti Hrunamanna (ÁSÆL).

Oddviti kynnti erindi áhugamannafélagsins og kostnaðaráætlun. Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni með stofnun félagsins og þeirri vinnu sem þegar hefur átt sér stað við undirbúning verkefnisins. Hreppsnefnd er tilbúin til að aðstoða við öflun tilskilinna leyfa og ákveður að styrkja verkefnið um kr. 150.000 á ári hverju næstu þrjú ár.

2. Unglingavinna vegna sumarsins 2004. **Oddviti kynnti málið og sveitarstjóri fór yfir nokkra minnispunkta vegna þessa. Alls hafa sjö ungmenni sótt um vinnu miðað við könnun sem gerð hefur verið. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að auglýsa eftir umsjónarmanni með vinnuskólanum og gert er ráð fyrir að hér verði um vinnu að ræða milli kl. 9.00 til 12.00 í 6 vikur ef umsjónarmaður fæst.**
3. fundur fræðslunefndar v. leikskóla frá 28.04 s.l. **Oddviti kynnti fundargerð þar er m.a. rætt um skýrslu leikskólastjóra, starfsmannahald o.fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.**
4. fundur fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 28.04. sl. **Oddviti kynnti fundargerð þar er m.a. rætt um skýrslu skólastjóra og skólastarfið framundan. Jóhanna Vilbergsdóttir óskar eftir að fá framlengingu á leyfi frá skólastjórn næsta skólaár og er samþykkt að verða**

við þeirri ósk. Einnig samþykkir hreppsnefnd ráðningu Guðjóns Árnasonar skólastjóra til eins árs. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd ráðningu Ragnhildar Birgisdóttur sem aðstoðarskólastjóra. Búið er að ráða fimm faglærða kennara við skólann. Í fundargerðinni er fjallað um framtíðarnýtingu skólahúsnæðis þar er tekið undir tillögur sem fram hafa komið. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina

5. Ferðamálanefnd Hrunamannahrepps – fundur frá 23.02. **Oddviti kynnti fundargerðina þar er áfram rætt um framtíðarskipan ferðamála, sýningar o.fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.**
6. 3. fundur í USU nefndar frá 23.03.04. **Oddviti kynnti fundargerðina þar sem m.a. er fjallað um aðalskipulagsvinnu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.**
7. 3. og 4. fundur bygginganefndar uppsveita Árnassýslu. **Oddviti kynnti fundargerð þar er m.a. lagðar fram 6 teikningar í Hrunamannahreppi og tvær afgreiðslur. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðirnar.**
8. 3. fundur skipulagsnefndar uppsveita Árnassýslu 13.04 **Oddviti kynnti fundargerðina þar er fjallað um starflýsingu skipulagsfulltrúa, erindisbréf skipulagsnefndar, fundartíma nefndarinnar, umferð á**

Þingvallarvatni, auglýsingar um skipulagsáætlunar o.fl.

Þar er einnig fjallað um fyrirkomulag fyrirhugaðs 9 holu golfvallar í landi Ásatúns. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðirnar.

9. 375. stjórnarfundur SASS – frá 02.04. s.l. **Oddviti kynnti fundargerðina þar er m.a. fjallað um greinargerð um sameiningu sveitarfélaga o.fl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
10. 63. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 24.03. **Oddviti kynnti fundargerðina sem lögð var fram til kynningar.**
11. 64. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 21.04. **Oddviti kynnti fundargerðina sem lögð var fram til kynningar þar er m.a. fjallað um urðunarmál vegna riðuveiki o.fl.**
12. 112. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 31.03. **Oddviti kynnti fundargerðina sem lögð var fram til kynningar.**
13. 113. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 20.04. s.l. **Oddviti kynnti fundargerðina sem lögð var fram til kynningar.**
14. SASS – tillaga að stofnkostnaðarpátttöku vegna Íþróttamiðstöðvar Íslands á Laugarvatni

o.fl gögn. **Oddviti kynnti tillöguna um stofnkostnaðarpátttöku sveitarfélaga á suðurlandi vegna Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.**

15. 40. fundur Héraðsnefndar Árnesinga frá 13.03. **Oddviti kynnti fundargerðina. Sem fjallar um menningarstarfsemi í héraði, búfjáreftirlit o.fl. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.**
16. Héraðsnefnd Árnesinga v. búfjáreftirlits. **Oddviti kynnti málið.**
17. Héraðsnefnd Árnesinga v. Minjasafnsins í Gröf. **Oddviti kynnti bréfið. Þar kemur m.a. fram eftirfarandi bókun. "Haustfundur Héraðsnefndar haldinn að Geysi 13. mars, tekur undir hugmyndir áhugahóps að stofnuð verði sjálfseignarstofnun um minjasafn Emils Ásgeirssonar í Gröf og hún verður beintengd Byggðasafni Árnesinga og þar með öðru safnastarfi sýslunnar". Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni yfir afgreiðslunni.**
18. Sorpstöð Suðurlands aðalfundur – 04.05. n.k. **Sveitarstjóri var fulltrúi hreppsins á fundinum sem kynnti það helsta sem gerðist á honum. Einnig lagði hann fram fundargögn frá aðalfundinum.**

19. 126 fundur Tónlistarskóla Árnesinga - 13.04. **Oddviti kynnti fundargerðina þar er fjallað um skólagjöld veturinn 2004 –2005, húsnæðismál o.fl. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.**
20. Vinnumálastofnun – sérstök verkefni
Oddviti kynnti málið. Stjórn Vinnumiðlunar hefur samþykkt að greiða kostnað við 3 störf í 5 mánuði fyrir atvinnulausa í sérstök verkefni fyrir sveitarfélagið.
21. Félagsmálaráðuneytið / Jöfnunarsjóður 15.04. **Málið lagt fram til kynningar.**
22. SASS – Sameining sveitarfélaga á Suðurlandi . **Málið lagt fram til kynningar.**
23. Samþykktir um vatnsverndarsvæði vatnsbóla innan Hrunamannahrepps – endanleg útfærsla. **Samþykktirnar hafa áður verið ræddar og samþykktar.**
24. Aðalfundur UMFH fundar og ályktun frá 11. mars. **Oddviti kynnti fundargerð og ályktanir.**
25. Skipulagsstofnun – Tillaga að deiliskipulagi lögbýlis og frístundabyggðar að Hrafnabjörgum. **Oddviti kynnti bréfið og málinu vísað til skipulagsfulltrúa.**
26. Bréf frá Pétri Hjálmssyni v. heilsárshúss. **Oddviti kynnti erindið þar sem lögð er fram tillaga að breyttri nýtingu frístundahúss Péturs Hjálmssonar í landi Borgaráss. Húsið breytist úr frístundahúsi í íbúðarhús. Húsið verður annað íbúðarhús á lögbýlinu Borgarási og er í beinum tengslum við bæjarþyrpinguna. Aðalskipulag Flúða nær til svæðisins og er það merkt sem landbúnaðarsvæði. Húsið fær eigin lóð eins og teikning sýnir. Húsið verður að uppfylla kröfur byggingarreglugerðar um íbúðarhús. Hreppsnefnd samþykkir erindið.**
27. Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu – lóðablað v. tveggja íbúðahúsalóða. **Oddviti kynnti málið. Hreppsnefnd samþykkir lóðaskiptingu í Syðra-Langholti en áður hefur hreppsnefnd afsalað sér forkaupsrétti.**
28. Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu – lóð við Heiðarvatn. **Oddviti kynnti málið og er málinu vísað til Skipulagsnefndar Uppsveita Árnessýslu.**
29. Bryðjuholt – yfirlitsmynd v. fyrirhugaðar fjósbyggingar. **Oddviti kynnti erindi Þórunnar Andrésdóttur og Samúels U. Eyjólfssonar um framkvæmdaleyfi vegna fjósbyggingar í Bryðjuholti. Hreppsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið skv. 3. tölulið viðauka Skipulags- og byggingarlaga og**

vísar erindinu að öðru leyti til skipulagsfulltrúa.

30. Til kynningar: 192 fundargerð Launanefndar Samb. ísl sveitarfél Oddviti kynnti fundargerð

Í lok fundarins kom Hannibal Kjartansson, hitaveitustjóri til fundarins og kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir við lagnakerfi í Gamla túni. Þar er gerð tillaga um að nota PEH polyethelyn í stað steinsteypu í lagnakerfi og frárennslisvatn verði síðan nýtt til snjóbræðslu í nýrri götu. Um sambærilegan kostnað er að ræða. Sveitarstjóri kynnti ýmis mál er tengjast sveitarfélaginu og rekstri þess.

Fleira ekki rætt – fundi slitið kl. 17.30

Ráðherrabréf!
/v 28. maí 2004

Góðir sveitungar. Nú er komið að hinum árlega rusladegi, sem hefur verið haldinn hér í sveit lengur en elstu menn muna. Það væri ósanngjarn að halda því fram að nú væri meiri þörf en oft áður að taka til hendinni en hjá flestum er allt í sómanum en það eru alltaf sömu aðilarnir sem setja ljóta bletti á heildarmyndina og á ég þá við þá mynd sem fæst af því að aka þjóðveginn í gegn um sveitina okkar og inn á helstu byggðarkjarna (heimreiðar) sem eru hér í sveit. Nú er það svo sem betur fer að hugmyndir manna um rusl eða verðmæti eru ólíkar, en það er alveg óþarfi að dreifa hvorutveggja um allt.

Eigur manna sem raðað er snyrtilega upp eða ég tala nú ekki um settar á bak við (allir eiga á bakvið eitthvað) eru hið besta mál, en ef þessu er dreift um allt eins og skrattinn hafi farið um svæðið með ófagar klaufirnar er það sóða ásynð. Hver

er svo önnur kafinn að hann geti ekki gengið frá eftir sig að loknum verkþætti og raðað upp skipulega tólum og hlutum. Ég líki þessu oft við það að fara á klósett og gleyma að skeina sig að því loknu. Ég ætla ekki að tilgreina nákvæmlega þá bletti er fara í taugarnar á ráðherra en nefni að það eru einstaka atvinnurekendur í iðnaðar og garðyrkjusvæði á Flúðum og nokkrar áberandi heimreiðar úti í sveit.

Mér hefur dottið í hug að reka niður svartar veifur við þá staði sem ég á við verði ekki breyting á fyrir rusladag, hver veit nema ég geri þetta, en ég vona að til þess þurfi ekki að koma. Góðir sveitungar, með ósk um gleðilegt og gott sumar lýk ég þessum pistli en munið, að --- Glöggt er gestsaugað.

Ruslamálaráðherra 10.maí 2004

ÖRN

Frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna.

Stóðhestar 2004.

Eftirtaldir stóðhestar verða hjá félaginu í sumar:

Á fyrri gangmáli verður **Snjall frá Vorsabæ II**, 1997187982.

Snjall er undan Hrynjanda frá Hrepphólum og Litlu-Jörp frá Vorsabæ II. Snjall hefur hlotið fyrir byggingu 8,03, fyrir hæfileika 8,33, aðaleinkun 8,21.

Verð til félagsmanna er kr. 28.000,- m/vsk og kr. 35.000,- m/vsk.fyrir aðra.

Á seinna gangmáli verður **Rökkvi frá Hárlaugsstöðum**, 1997186541. Rökkvi er undan Otri frá Sauðárkróki og Sneglu frá Hala. Rökkvi hefur hlotið fyrir byggingu 8,13, fyrir hæfileika 8,48, aðaleinkun 8,34.

Verð til félagsmanna er kr. 47.000,- m/vsk og kr. 54.000,- m/vsk fyrir aðra.

Rökkvi mun koma strax að loknu landsmóti, ca. viku af júlí.

Þar sem farið er að þrengjast með pláss hjá Rökkva eru menn beðnir að panta sem fyrst en félagsmenn hafa forgang með pantanir til 16. maí. Hugsanlegt er að setja þurfi fjöldatakmörk á pantanir frá einstaklingum. Vinsamlegast staðfestið eldri pantanir fyrir 16. maí.

Innifalið í folatolli er sónarskoðun og girðingargjald.

Einnig hefur félagið til ráðstöfunar tvö pláss undir Núma frá Þóroddsstöðum en hann verður á húsi og á seinna gangmáli í Gunnarsholti.

Upplýsingar gefa:

Einar Logi	s: 899 5639
Páll	s: 893 5622
Helgi	s: 897 7623

Frá Hrunasókn

Aðalfundur Hrunasóknar var haldinn í Hruna 25.apríl. Helsta framkvæmd síðasta árs var lagfæring á bílaplaninu við kirkjuna. Flúðaverktakar unnu verkið en verkfræðistofa Suðurlands var eftirlitsaðili með því. Heildarkostnaður við verkið var 1270 þúsund. Annað verk sem lengi er búið að vinna að er legstaðaskrá fyrir Hrunakirkjugarð. Skráin er nú aðgengileg á gardur.is og einnig í möppu sem staðsett er í Hrunakirkju. Hafinn er undirbúningur að stækkun kirkjugarðsins í Hruna sem og að endurnýjun klæðningar á kirkjunni. Töluvert hefur verið um það að fólk sé að hlaða upp,laga og merkja leiði betur og varanlegar og er það til fyrirmyndar. Við viljum benda fólki sem er í þessum hugleiðingum að hafa samband við Jóhannes Helgason í Hvammi, sérlegan umsjónarmann kirkjugarðsins, hann er reiðubúinn að leiðbeina um hvernig best sé að standa að lagfæringum og leiðbeina um val á plöntum.

Engar kosningar voru á þessum aðalfundi en sóknarnefndin er þannig skipuð:
Marta Esther Hjaltadóttir formaður Jóhanna Ingólfadóttir gjaldkeri, Guðrún Emilsdóttir ritari, Guðríður Þórarinsdóttir og Unnsteinn Hermannsson meðstjórnendur. Varamenn eru Anna Björk Matthíasdóttir,Sigríður Guðmundsdóttir, Sigurjón Sigurðsson, Gísli Einarsson og Loftur Þorsteinsson.

Tónleikar

Nú í vor munu Anna Lilja Torfadóttir og Helga Guðlaugsdóttir ljúka 8. stigi í söng frá Tónlistarskóla Rangæinga. Anna Lilja er leikskólastjóri á Hellu , ættuð úr Garðabænum. Helga er bóndi á Skeiðunum og uppalin þar. Þær fyrirhuga að halda burtfarartónleika föstudaginn 14. maí kl. 20:30 að Heimalandi í Rang.-Eystra. Með þeim verður Halldór Óskarsson sem spilar á píanó og einnig mun syngja með þeim Sigríður Viðarsdóttir sem er að ljúka 7. stigi. Þar sem Helga er Árnesingur ætla þær stöllur einnig að halda tónleika í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi miðvikudaginn 19. maí kl. 20:30. Á efnisskránni eru sönglög eftir Purcell, Grieg, Schubert o fl. ,einnig óperuáriur eftir Mozart.

Smára fréttir

Nú er komið að úrtöku fyrir landsmótið á Gaddstaðaflötum,úrtakan fer fram eins og áður var auglýst helgina 5-6 júní.Geysir sér um framkvæmdina svo við þurfum bara að mæta með okkar bestu hross og sýna hvað í okkur býr.Um kostnað er ekki vitað ennþá en hann verður kominn á hreint áður en skráning hefst,eins og áður eru það hæst dæmdu hestar sem fara nema eitthvað komi uppá.Við fáum að senda þrjá hesta samkvæmt reglum LH,vonandi verður góð skráning og spennandi keppni.

Skráningar verða hjá stjórnar mönnum.

Guðni Árnason	s 4866111
Bjarni Birgisson	s 4865514
Helgi Kjartansson	s 5668423
Jökull Helgason	s 4865557
Gestur Þórðarson	s 4865566

Tekið verður við skráningum dagana 17-19 þ.m. frá kl 19-22 ,eins verður með þetta mót og önnur, öll hross skráð í Feng

Hef til sölu nokkrar tegundir af gegnheilu parketi á einstöku verði fyrir þig

Fura 28mm.	18 fm
Fura 19mm	20 fm
Askur	17 fm
Eik	21.5 fm (natur)
Eik	15.8 fm (villt)
Moral S-A	30 fm (harðviður)

Uppl. eru gefnar í sínum
566-8556 María 862-1911 Guðbjörg

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar frá Hrunaprestakalli.

Tíminn líður hratt og nú er kominn maí, ekkert Hrunaspjall verið sent síðan í janúar. Kirkjustarfið hefur gengið sinn vanagang á útmánuðum, messusókn ekki síðri en annars staðar gerist, enda sýnir nýleg skoðanakönnun að tæp fimmtíu prósent mæta aldrei í messu. Mikil umræða fer nú fram um fækkun og samruna prestakalla á landsbyggðinni og færa þau þangað sem fólkið er fleira og hin sýnilega þjónustupörf er meiri.

Sagt er að eitt sinn fyrir löngu hafi prestur einn bakað sér tölurverðar óvinsældir með því að ganga nokkuð hart fram í því að hvetja fólk sem var í sambúð til þess að gifta sig. Satt að segja vekur það nokkra undrun þegar lítið er yfir íbúatal Hrunamannahrepps, hversu margt fólk er þar að finna sem búíð er að vera í sambúð jafnvel áratugum saman en hefur látið hjá líða að löggilda hana. Nokkuð hefur verið rætt og ritað um þá réttaróvissu

sem skapast getur við slíkar aðstæður ef eitthvað útaf bregður. Margir eru lítið fyrir tilstand og vex allt slíkt í augum en þeim til huggunar er hægt að segja að bæði er einfalt að fara hreinlega á sýsluskrifstofuna og láta ganga frá tilheyrandi pappírurum og svo má einnig nefna og jafnvel mæla með, fábrotinni atöfn í kirkjunni sinni þar sem formsatriðunum er fylgt eftir með blessun og bænarrorðum. Full kirkja af gestum er ekkert skilyrði.

Gott er að skynja þann jákvæða tón sem ritstjóri Pésans slær inn í samfélag okkar með umfjöllun um hina fjölbreyttu starfsemi og öflugna atvinnulíf sem er að finna í okkar ágæta hrepp, mættu fleiri fjölmiðlar taka sér það til fyrirmyndar.

Heimasíða Hrunamannahrepps er skemmtileg og vaxandi, þar er meðal annars að finna þær upplýsingar að hér í hreppi sé að finna þrjár, gamlar og merkilegar kirkjur sem forvitnilegt geti verið að skoða, fyrir þá sem hafa áhuga á liðinni tíð.

Úr kirkjubókinni:

Skírnir:

7. febrúar var **Björn Jóel** skírður heima í Birtingaholti. Hann er fæddur 22. janúar, foreldrar Inga Rún Björnsdóttir og Björgvin Magnússon, þau eru búsett á Selfossi en Björgvin er frá Birtingaholti.

28. febrúar var **Ingibjörg Bára** skírð heima að Ljósheimum 11 Reykjavík. Hún er fædd 5. janúar. Foreldrar hennar eru Alma Jenny Sigurðardóttir og Páll Guðmundson, en hann er frá Sunnuhlíð.

3. apríl var **Adam Freyr** skírður heima að Suðurbrún 1. Hann er fæddur 23. febrúar, foreldrar Gísli Jósep Hreggviðsson og Guðrún Edda Hannibalsdóttir, þau eru búsett á Selfossi en Guðrún Edda er frá Flúðum, Suðurbrún 1.

22. apríl var **Pórey Pula** skírð heima að Vesturbrún 13. Hún er fædd 10. mars, foreldrar Erna Óðinsdóttir og Helgi Kjartansson.

Fermingar:

Í Hrepphólum á skírdag 8. apríl

Ásbjörn Örvar Þorláksson, Áshlíð

Jóhann Halldór Sigurðsson, Syðra- Langholt
Lára Hrönn Hlynsdóttir Smiðjustíg 15 c
Ólafur Jóhann Bragason Högnastíg 19a
Sunna Skúladóttir Birtingaholti.

Í Hrunakirkju sumardaginn fyrsta, 22. apríl

Alda Þórsdóttir, Vesturbrún 21
Harpa Reynisdóttir, Reykás
Hrefna Sigurðardóttir, Högnastíg 21
Sigurbjörg Bjarnadóttir Norðurhófi 6
Þórhildur Þorkelsdóttir Högnastíg 52
Unnar Þór Sæmundsson Smiðjustíg 17c

Útför

16. apríl var **Margrét Árnadóttir** jarðsungen frá Hrepphólakirkju. Margrét var fædd þann 15. nóv. 1935 og uppalin í Galtafelli. Hún lést þann 2. apríl sl. Síðast var hún til heimilis að Vallarási 4 í Reykjavík.

Ritningarvers:

Guð lát þér þóknast að frelsa mig, Drottinn, skunda mér til hjálpar.

Sálm: 70:2

Með bæn um að Guð blessi líf og störf á þessu vori.

Eiríkur Jóhannsson sími 486-6737, gsm 864-0802

KÖRFUBOLTAFRÉTTIR

Nú er þessum vetri að ljúka í körfuboltanum og þá er rétt að gefa smá skýrslu um starfið. Nú er nýlokið lokahófi yngri og eldri flokka og tókst það einkar vel þar sem veðurguðirnir skiptu snarlega um gír, hækkuðu hitann um ein 10 stig og lækkuðu vindstigin að sama skapi. Þetta varð til þess að mun meiri læti fóru fram upp í brekkunni en ofan í sundlauginni. Þjálfararnir fengu að sjálfsgöðu að fjúka út í, í öllum herklæðum og Guðrún sem átti sér einskis ills von var hent út í líka. Sigurjón á Berghyl sá um að æra alla viðstadda með tónlistinni og þökkum við honum kærlega fyrir það, einnig Árna Útlaga að lána okkur enn einu sinni græjurnar sínar en það hefur hann gert s.l. 5-6 ár.

Starfsfólk Kaffi- Sels stjarnaði við okkur og keyrði í okkur pizzur og gos og þökkum við þeim enn og aftur.

Það varð okkur til mikillar ánægju að fylgjast með hvað unglíngarnir voru í miklu stuði og sáu svo til alfarið um að skemmta sér sjálf þegar upp í íþróttahús var komið. Þar má nefna



3ja stiga keppni og troðslukeppni þar sem hugmyndaflugið á útfærslum náði hámarki. Frábær skemmtun fyrir okkur sem horfðum á.

Ekki urðu allir sigurvegarar eftir veturinn en engu að síður má segja að við megum vera stolt af okkar fólki og þá ekki síst fyrir framkomu á leikjum og umgengni en þeir kostir eru á verulegu undanhaldi hjá sumum liðum og er það slæmt. Orðbragð og framkoma er stundum slík að alls ekki ætti að líðast þar sem börn koma saman til að iðka íþróttir.

Við viljum óska Evu Dís og Ingibjörgu til hamingju með að vera komnar í landsliðshóp 18 ára og yngri og 16 ára og yngri og óskum

þei
m
góðs
gen
gis í
Svíþ
jóð í
sum
ar.
Þær
þigg
ja

Tölvuviðgerðir

Eru vandræði með tölvuna? Hrýs þér hugur við kostnaðarsömum viðgerðum?

Ég gæti kannski hjálpað þér. Hafðu samband áður en þú leitar lengra.

Sólmundur s. 821-2690

það örugglega ef einhver fyrirtæki vilja styrkja þær til fararinnar!!!! Að lokum viljum við í stjórninni þakka þeim Oddi og Hauki fyrir vel unnin störf í vetur, það hefur örugglega ekki verið neitt grín fyrir Odd, nýútskrifaðan að koma hingað í þetta körfuboltaæði hér og takast á við alla þá vinnu sem því fylgir að þjálfra, skipuleggja, eiga við foreldra með akstur á leiki og svo mætti lengi telja. Við óskum honum góðs gengis á nýjum stað en trúum því að þessi vetur

verði í minningunni sá skemmtilegasti sem hann hefur upplifað (ekki spurning).

Við þökkum þeim foreldrum sem hafa keyrt eins og byssubrenndir í vetur á hvern leikinn á fætur öðrum innilega fyrir samstarfið, við hina sem ALLTAF eru uppteknir í öðru þurfum við að tala við undir fjögur. Það er svo ósanngjarnt þegar sama fólk er alltaf að keyra.

Krakkar, munið að hreyfa ykkur í sumar sem mest þið getið.

ÞÚSUND ÞAKKIR FYRIR VETURINN
KÖRFUBOLTINN LENGI LIFI
STJÓRNIN.

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Skilaboð til þeirra, sem hafa pantað í ferðina austur í Hornafjörð.

Lagt verður af stað frá Flúðum kl. 10 mánudaginn 14. júní.

Ekið verður að Kirkjubæjarklaustri, þar sem við fáum kvöldverð, gistingu og morgunverð, en næsta dag verður farið í Nesjaskóla, þar sem okkar býður sami beini. Gist verður í uppþúnum rúmum. Gistingin áamt kvöldverði og morgunverði kostar alls kr. 12.750.

Hvað bíllinn kostar vitum við ekki ennþá.

Priðja daginn verður svo haldið heimleiðis.

Mætum vel og stundvíslega
með góða skapið í farteskinu.

Kær kveðja
Stjórnin

Frá Björgunarfélaginu Eyvindi

Góðir sveitungar, við í björgunarfélaginu viljum segja nokkur orð um það sem hefur verið að gerast undanfarið og einnig það sem er á döfinni. Eftir áramót þegar búið var að ganga frá flugeldasölu og annari áramótavinnu var byrjað á vetrarstarfinu að nýju. Allt hefur gengið sinn vanagang, þjálfun hefur verið gangi í allan vetur, t.d. var haldið helgarnámskeið í Fyrstu hjálpi 1 sem er sérstaklega ætluð björgunarsveitarmönnum. Námskeiðið skiptist í bóklegan og verklegan hluta sem allir höfðu gaman af. Mæting var góð og fyrirhugað er að halda framhaldsnámskeið á næstunni. Björgunarsveitin Sigurgeir í Gnúpverjahreppi var í samstarfi við okkur um þetta námskeið.

Aðalfundur var haldinn í lok febrúar, þar var stjórnin öll endurkjörin. Borgþór formaður, Bjarki ritari og Óskar Rafn gjaldkeri. Meðstjórnendur eru Benedikt og Ölvir Karl. Framundan er sumarstarfið, má þar nefna fyrst átak í sölu á sjúkrakössum sem er í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Átakið verður fram í miðjan júní og er þetta gert um allt land. Hluti af sölu kassana mun renna til björgunarfélagsins og er ætlunin að nota það fjármagn til kaupa á sjálfvirku hjartastuðtæki sem við teljum að sé brýn þörf á að eiga á þessu svæði, hver mínúta skiptir máli og þá er best að eiga tæki sem næst slysstað. Annað er hefðbundið sumarstarf, fjáröflunarvinna svo sem gæsla, girðingarvinna, dósasöfnun, og fleira sem til fellur. Fleira er ekki segja og við vonum að við fáum góðar móttökur þegar við komum til ykkar með sjúkrakassana. Og ef fólk hefur einhverjar hugmyndir sem það vill koma til okkar þá er hægt að senda okkur póst á bfeyvindur@simnet.is eða hringja í eftirfarandi: Boggi 895 3760 Bjarki 861 2262 Óskar 862 4944

Frá Áhaldahúsinu

Sá sem fékk lánaða brunndælu hreppsins,
vinsamlegast skili henni aftur á sama
stað sem allra fyrst.

Hvernig getum við varist riðusmiti?

Reglur yfirdýralæknis, héraðsdýralæknis og fjallskilaneftar.

Allir fjáreigendur ættu að takmarka umferð um fjárhús og hafa tiltækan hlífðarfatnað fyrir gesti.

1. Stranglega er bannað að versla með sauðfé eða lána hrúta. Mikil smithætta fylgir öllum flutningum á sauðfé milli bæja, sérstaklega á sauðburði, en þá er smithætta hvað mest. Afdrifaríkt getur einnig reynst að taka smálömb í fóstur.

2. Skilyrðislaust skal tilkynna héraðsdýralækni um allar kindur sem sýna einhver óljós einkenni (þrífast ekki, afbrigðileg hegðun) eða drepast af óþekktum orsökum. Héraðsdýralæknir metur hvort skoða þurfi kindina eða taka sýni. Þessi skoðun er bændum að kostnaðarlausu.
3. Ekki má fara með fjárklippur milli bæja nema að undangengnum þrifum og sóttreinsun.
4. Allt sauðfé skal vera einstaklingsmerkt með ljósbláu eyrnamerki sem sýnir bæjarnúmer og einstaklingsnúmer. Á fjall má engin sauðkind fara ómerkt.
5. Allt fé skal skráð í fjárbækur þar sem gerð er m.a. grein fyrir uppruna, veikindum og afdrifum.
6. Þegar flutt er á afrétt skal hreinsa flutningstæki milli bæja, æskilegast er að flytja féð frá hverjum bæ í einni striklotu. Hreinsun skal fara fram á til þess viðurkenndu þvottaplani. Hreinsa skal með háþrýstidælu eða sambærilegu og sóttreinsiúða með t.d. Virkon.
7. Öll sameiginleg jarðvinnslutæki sem og haugtæki sem notuð eru við útkeyrslu á sauðataði / skít skal þvo (með háþrýstidælu) eftir notkun.
8. Skorað er á sauðfjárbændur að viðhalda girðingum þannig að fé komist ekki úr heimahögum.
9. Umsvifalaust skal smala ókunnugu fé sem leitar í heimalönd, taka það sér, en ekki skal hýsa það meir en brýn þörf krefur. Tilkynna verður féð strax til eigenda, sem skal sækja kindurnar tafarlaust.
10. Allir sauðfjáreigendur skulu sjá til þess að marktækur fjöldi heilasýna berist úr fullorðnu fé. Sýnin skal taka innan sólarhrings úr hausum af heimaslátruðu.
11. Sláturúrgangi skal fargað á tryggilegan hátt.

12. Eki má flytja hey, túnþökur og mold milli bæja nema með leyfi héraðsdýralæknis.

Orðsending frá 17. Júní Nefndinni.

---(" Minnum á að 17 júní er fimmtudaginn 17. júní".)-----

Fyrirhugað er að hafa kassabílarallý sem einn af dagskrárliðum þennan daginn og er því tilvalið að fara að draga pabbana út að huga að einhverju farartæki.

Reglur kassabílarallýsins eru svona

1. Aðeins má nota bíla með 4 hjól og knúnir eru mannaflí
2. Hámarksfjöldi keppenda með hverjum bíl eru þrír. Einn til að stýra og tveir til að ýta
3. Keppt verður í tveimur aldursflokkum , 11 ára og yngri og 12 ára og eldri.
4. Ökumenn bílanna verða að vera með hjálm.

Kveðja Nefndin

Pésinn fagnar Hafnar Fréttum

Svona á yfirvaldið að vera! Ég var ekki fyrr búinn að sleppa pennisnum og halla mér aftur í kvíðaköstum yfir fréttayfirliti mínu sem birtist í Pésanum síðast, en sjálfur oddvitinn gekk inn komusal Danmerkur. Þrátt fyrir framkomu sína er haldið að Inga sé vel við Hrunamenn. Var hann því kominn hér til að letja mig eða hvetja? Eins og sönnum pólitíkusi sémir ræddi hann fréttarahlutverk mitt við mig af kostgæfni og eftir langan og tveggja manna strangan fund, þar sem hann fór yfir almenna hagsmuni hreppsþúa, lesblindu og bókabrennur, fundur sem stóð allt að fjóra ræðutíma á mann, og notaði hann þá alla, hver ræðutími markast af einu glasi, var ég engu nær. Sendi ég því næsta pistil hér með.

Sigurður Ingi lærði það sem hann kunnir hérna í Danmörk og sló nú um sig með dönskunni sinni. Hann var orðinn félagi í Áttahagafélagi Hrunamanna!!! Reyndar eru þau hjónin þau einu sem hafa fengið inngöngu án þess að koma með neftóbak fyrir mig, en það er ekki sama Ingi og Sigurður Ingi.

Margt manna hefur gengið í raðir félagsins upp á síðkastið, þó engin hafi náð að gerast heiðursfélagi með “láði.” Fögnuður þeirra er þó ótvíræður eins og fór með þennann sem spígsporaði óstuddur en nýkominn að heiman, fram í anddyri á flugstöðvarbyggingunni og hrópaði yfir ferðamenn og óteljandi múslimska innflytjendur: “Jeg er en með lim”. – sem útleggst á dönsku eins og á íslensku.

Allir kannast við söguna um hvernig Ólafur Ragnar hitti Dorrit, hann er sagður hafa verið að máta kórónu í búðinni hennar í London. Ekki veit ég hvort það sé eitthvað samhengi hér á milli en þeir Sigurður Ingi og Baddi bjuggu með sínum spúsum á Hotel Imperial (konunglegt).

Áttahagafélagið hafði komið því svo fyrir að opnum Tívolísins var flýtt um eina viku vegna komu Imperial-istanna, og Baddi hafði heyrt að fyrstu 10 fengju frítt í skotbakkana. Kom hann og Sjöfn til Kaupmannahafnar af því tilefni. Þau fóru beint þangað enda bakkavant fólk.

Það lætur ekki sitt eftir liggja Paprikustaðafólkið. Guðbjörg og Georg slógust í hópinn, enda tóbaksgefandi svo inngangan var ljúf. Þau gengu í Áttahagafélagið föstudaginn 16. apríl eftir hádegi og gengu svo um Paprikustræti daginn eftir.

Engin hætta er á því að það sé að verða fullt út úr dyrum hjá félaginu því nú hafa götukaffihús opnað í sólinni og því nóg pláss fyrir alla í allt sumar.

Frábær fundarstaður Nýhöfnin. Þar eru götukaffihús og setið um allar gangstéttar svo langt sem augað eigir. Þar var næsti fundur haldinn og tekin fyrir bæði málin á dagskrá. Þegar ganga átti til dagskrár fóru sumir á hjóli, en ekki voru allir ferðafærir, einhverja varð að bera en öðrum að ýta.

Annars vegar var samþykkt að vera lengur á staðnum og hins vegar að leggja til við afganginn af sveitarstjórninni (eins og það skipti einhverju máli!) að koma á Hafnarnefnd á Flúðum. Anna í Síðra Langholti, kona Sigurðar Inga, er að sjálfsgöðu sjálfkjörinn formaður, ekki bara vegna ættarteingsla sem stundum hafa verið nægjanleg til ábúðar, heldur hefur hún líka verið ein í ábyrgð fyrir þeirri útgerð bátaflotans sem fram fer á Flúðum hvert sumar.

Heima sigla allir bátar í sömu átt, niður í móti. Þessu þarf að breyta. Lagt var til að næsta keppni færi fram á móti straumi. Engum vafa er það undirorpið að Sigurður Ingi vinnur þann slag því hann er svo góður á móti straumi.

Ísólfsskáli átti pantað símtal við mig um daginn í gegnum Galtafell, en þannig notast þeir við símakerfið á hreppsskrifstofunni. Var kallinn að reyna að finna út hvernig hann gæti komið á gírinnheimtu á félagi í Áttahagafélaginu. Þegar ég

sagði honum að Hrunamannahreppur réði bara fólk til bráðabirgða þá slitnaði sambandið. Ég hef svo ekkert heyrt í honum meira. Mér skilst að hann hafi farið á þing að hvíla sig eftir veturinn.

Utandagskrár umræða fór fram um ráðningu sveitarstjórnarinnar á hálfum starfsmanni í áhaldahúsið. Mikill kurr fór um fundarmenn þegar þeir gerðu sér þetta ljóst og höfðu ekki sjálfir fengið stöðuna. Þótti mörgum sem hér hefði hann misst af gullnu tækifæri því ekki gefa allar stöður möguleika á því að vera hálfur í vinnunni. Skálað var og samþykktar heilla- og árnaðar óskir til handa Jóa Marels. Spurningin lifir þó enn, hvort sé verra að það kveikni í hjá manni fyrir hádegi eða eftir.

Af Dönnum er svo sem allt gott að fréttu. Samlíf þeirra er sagt svo gott að jafnvel nágrannarnir fá sér sigarettu á eftir. Þeir fáu Danir sem vita að Ísland er til, eru líka rólegir. Þeir hafa fengið svo mikið yfir sig af alls konar útlensku fólki á undanförunum árum að eitt Áttahagafélagið enn skiptir þá engu. Hér eru fyrir sams konar félög frá Rostok, Ravalapindi og Ryat svo hvað er einn sólargeisli til viðbótar. Ég held því að Áttahagafélagið sé komið til að vera.

Næsti fundur var ákveðinn þann 1. í Þorsta.

	<p style="text-align: center;"><u>Leikskólinn Undraland.</u> <u>laus störf.</u></p>
Vilju	Viljum ráða leikskólakennara, starfsmann í eldhús
Stað	um 40% starf er að ræða og
U	ófaglært starfsfólk í afleysingar
	Upplýsingar gefur Þorleifur 896-4252
	eða Ólöf Bettý Grétarsdóttir 480-6620

Úrslit í Firmakeppni Smára

haldin 1.maí á Kálfárbökkum

Barnaflokkur 9 ára og yngri

1.sæti Guðjón Hrafn og Punktur 10v

2. - Björgvin Ólafsson og Ljúfur 16v

3. - Kjartan Helgason og Ylur 12v

Barnaflokkur 10-12 ára

1. sæti Sigrún og Þröstur. Jóhanna Sigurðardóttir á Kveikju frá Hæli9v

2. - Þórður Þorgeirs Jaðri Katrín Ólafsdóttir á Skugga frá Hrepphólum 13v

3. - Félagsb. Tungufelli Þórdís Björnsdóttir á Söru 9v

Unglingaflokkur 13-15 ára

1. sæti Harri hamar – feti frammar Edda Pálsd á Flöndru f. Steinsholti 9v

2. - Íþróttahúsið Flúðum Guðríður Þórarinsd á Mátá

3. - Hestabúið Skollagröf Unnar Þ. Sæmundss á Þóru f Unnarholtskoti 10v

Karlaflokkur

1. sæti Hitav Framb Gnúp Böðvar Th Birgisson á Pyt

2. - Garðyrkjjust Hvammi 1 Valgeir Jónsson á Sólun

3. - Útlaginn Styrmir Þorsteinss. á Hrapp f

Unnarholtskoti 6v

Kvennaflokkur

1.sæti Gröfutékní ehf. Ragnheiður Másd. á Yl f. Háholti 10v

2. - Fjárþúið Miðfelli 5 Ása M. Ásgeirsdóttir á Gretti

3. - Blesast 2a Stefanía Sigurðard á Hrefnu

Ein af föstum hefðum í vorverkum Hrunamanna er að halda svokallaðan rusladag, skipa ruslamálaráðherra og efna til vinnudags og um leið mannfagnaðar í tilefni þessa. Þegar hefur verið skipaður mjög áhugasamur ruslamálaráðherra, með sérstöku erindisbréfi.

Hinn útnefndi er enginn annar en Örn Einarsson sem er annálaður snyrtipinni og hefur glöggst auga fyrir umhverfi, og jafnvel ýmsu öðru sem maður skrifar ekki í Pésann. Hann tekur við embættinu af Bjarna Sverrissyni sem stóð sig með miklum ágætum í fyrra.

Rusladagurinn er 28 maí og er fólk og fyrirtæki hvatt til þess að vera búið að taka til í kringum hús sín fyrir þann tíma.

Hrunamannahreppur er matvælakista eins og oft hefur verið minnt á. Fjölbreytni í matvælaframleiðslu er hér meiri en gerist og gengur í ekki stærra sveitarfélagi. Grundvöllur matvælaframleiðslunnar er hreinlæti og snyrtimennska sem er lykillinn að góðri framleiðslu.

Ferðaþjónustan er hér einnig ört vaxandi atvinnugrein og þar gilda sömu lögmál og í matvælaframleiðslunni. Nánar er fjallað um þessi mál í Pésanum og er íbúar hvattir til að láta hendur standa fram úr ermum því margar hendur vinna létt verk.

Eitt af vorverkum hreppsnefndar og sveitarstjóra er að ganga frá ársreikningum sveitarfélagsins. Fyrsta umræða fór fram á miðvikudag í þessari viku. Á síðasta ári vorum við afar

framkvæmdaglöð og hrundum fram ýmsum verkefnum s.s.

byggingu nýs leikskóla sem nýtist okkur vel, en gaman er að geta þess að í Hrunamannahreppi er aldursskipting íbúa á aldrinum frá 0 og uppí 16 ára 31.9 % íbúanna og er hlutfall þessa aldurshóps hæst íbúa á Suðurlandi. Samkvæmt þessu var ekki út í hött að byggja nýjan leikskóla og einnig er eðlilegt að grunnskólinn þurfi meira rými undir starfssemi sína en einmitt er fyrirhugað að færa handmenntakennslu úti íþróttahús þar sem gamli leikskólinn var. Vatnsveituframkvæmdir voru einnig mjög kostnaðarsamar á síðasta ári en sára litlar tekjur eru af vatnssölu og tengigjöldum miðað við heildarkostnað þó að öllum þyki nóg um skattheimtu sveitarfélaga. Í næsta Pésa verður farið nánar út í útlistingar á rekstrarkostnaði hreppsins.

Ágætu Hrunamenn! Tökum höndum saman og gerum fallegan hrepp enn fegurri með því að taka til í kringum okkur.

Snyrtimennska á að vera stór hluti af ímynd okkar, hún er öllum fyrir bestu nú er lag, lyftum Grettistaki í snyrtimennsku fyrir hvítasunnu.

Óvenjumikið aðsent efni er í Pésanum að þessu sinni m.a. er vakin athygli á því að við eigum okkar landsliðskonur í körfuknattleik þær Evu Dís Ólafsdóttur, Ösp Jóhannsdóttur og Ingibjörgu Skúladóttur. Við erum stolt af okkar fólki og óskum þeim gæfu og gengis.

Ísólfur Gylfi Pálmason
sveitarstjóri.

Umsjónarmaður með unglíngavinnu!

Á síðasta hreppsnefndarfundu var sveitarstjóra falið að auglýsa eftir umsjónarmanni með unglíngavinnu. En ekki er mögulegt að halda úti unglíngavinnu nema áhugasamur umsjónarmaður skipuleggi og verkstýri vinnunni. Ef umsjónarmaður fæst verður vinnan frá kl 9 til 12. í fjórar til sex vikur eftir verkefnum og því hvernig gengur.

Aðalfundur Límtrés

Aðalfundur Límtrés var haldinn 7. maí s.l. Talsverðar breytingar hafa orðið á fyrirtækinu á síðustu árum. Hluti af starfsemiinni hefur verið færð til útlanda sem er hluti af útrás fyrirtækisins. Einnig er Vírnet Garðastál hluti af samstæðu fyrirtækisins. Í ár var hagnaður af rekstri Límtrés og er það vel. Starfsemi Límtrés skiptir okkur

miklu máli og er vert að minnast ötullar baráttu þeirra manna sem beittu sér fyrir uppbyggingu verksmiðjunnar hér.

Trérennismiðir í heimsókn!

Listfengi systkinanna frá Bryðjuholti hefur vakið landsathygli. Þannig sýndu þau listmuni sína á sumardaginn fyrsta í Garðyrkjuskólanum á Reykjum og einnig komu í heimsókn til þeirra á dögnum Félag trérennismiða á Íslandi og dáðust þeir mjög að handverki þeirra. Þá hefur Guðmundur Magnússon í samvinnu við Byko og Skógrækt ríkisins smíðað hringlaga stiga úr íslensku lerki og kynnt nýja gerð af utanhússklæðningu sem unnin er úr grisjunarefni frá Hallormsstað. Handverk og hugmyndir Guðmundar vöktu mikla athygli á sýningu í Byko um síðustu helgi. Í íslenskum skógarafurðum eru falin mikil verðmæti sem Guðmundur er óþreytandi að kynna og benda á enda ekki vanþörf á. Dropinn holar steininn!

Nýtt fjós í Bryðjuholti

Bændurnir í Bryðjuholti áforma að byggja nýtt fjós. Fyrir valinu er útfærsla frá Límtré og Yleiningu og var framkvæmdaleyfi samþykkt á síðasta hreppsnefndarfundu. Þeim Þórunni og Samúel er óskað velfarnaðar við framkvæmdirnar og þetta verður væntanlega góð auglýsing fyrir framleiðslu Límtrés og Yleiningar en verið er að byggja nokkur fjós víðs vegar um landið á þeirra vegum.

Virk landbúnaðarnefnd

Landbúnaðarnefndin okkar er virk og athugul. Þeir hafa verið að kanna hvar nýtt réttarstæði ætti að vera og einnig hafa riðumálin verið mjög inn á þeirra borði. Allt bendir til þess að næsta haust réttum við á hefðbundnum stað í Hrunaréttum, þar sem enn ríkir mikil óvissa um sauðfjárrækt í hreppnum.

Fundur um skipulag skólaláðar

Í vikunni var langþráður fundur um nýtingu skólalóðarinnar. Finnur Kristinsson, landslagsarkitekt hefur gert skipulag af lóðinni og kynnt það. Þar er um margar spennandi hugmyndir að ræða, sem eru til athugunar. Í framhaldi fundaði Finnur með Sigríði á Fossi og Jóhannesi í Hvammi og öðru áhugafólki um skrudgarð þar sem komið yrði á fót tegundasafni og tengingu Kvenfélagsgarðs og

Ungmennafélagsgarðs. Allar þessar hugmyndir falla vel inn í hugmyndafræðina "lesið í skóginn" sem skólinn er þátttakandi í.

Slökum á pinnanum!

Talsvert er kvartað yfir hraðakstri í þéttbýlinu á Flúðum. Einnig kvarta hestamenn sáran yfir því að vélhjólamaður noti reiðvegi til að spretta úr spori á vélfákum sínum. Slysing gera ekki boð á undan sér og eru ökumenn hvattir til þess að fara að settum lögum og reglum.

Fundur um ADSL tengingar

Fulltrúi frá Símanum Sævar Þórarinnsson boðar til fundar með atvinnurekendum og einstaklingum sem hugsanlega hafa áhuga á ADSL og ISDN tengingum þriðjudaginn 18. maí kl. 20.30 á Hótel Flúðum. Mjög mikilvægt er að allir þeir sem áhuga hafa á þessum málum og eiga heimangengt mæti. Því hér er um mikið hagsmunamál fyrir íbúa hreppsins að ræða.

Eurovision á Kaffi-Sel

Laugardagskvöldið 15 maí verður Eurovision á breiðtjaldi hjá Kaffi-Sel. Í tilefni söngvakeppninnar verða tilboð á pizzum og kynningar tilboð á Mexico matseðli.



Pizzutilboð

16" með 3 áleggstegundum og 2 l. Pepsi á 1300. kr.

18" með 3 áleggstegundum og 2 l. Pepsi á 1800. kr.

Mexicoveisla í sumar



Sveitasæla (Quasedillas)

Osta- og kjúklingafylltar tortillur. Bornar fram með kryddgrjónum , fersku salati og fjórum tegundum af sósu, þ.á.m. ostasósu, salsa, guacamole og sýrðum rjóma - kr.1.250

Tilboð: 1.000 kr.

Taco salat hreppamannsins (Taco salad)

Tortilla skál með nautahakki, baunastöppu og fersku salati, borið fram með kryddgrjónum og fjórum tegundum af sósu - kr.1400

Tilboð: 1.000 kr.

Selsbaggar (Chimichanga)

Djúpsteiktar tortillur fylltar með kjúklingi. Borið fram með kryddgrjónum, fersku salati,

nachos flögum og fjórum tegundum af sósu - kr.1350

Tilboð: 1.000 kr.

Bóndinn (Nachos)

Nachos flögur. Borið fram með heitri ostasósu og jalapeno - kr.650

Tilboð: 500 kr.

VANTAR ÞÆGA BARNHESTA

Hestamannafélagið Sörli Hafnarfirði óskar eftir að leigja þæga barnahesta fyrir REIÐSKÓLA sem verður starfræktur frá 14. júní til 28. júlí. Greitt er 15.000 kr. leigugjald fyrir hest auk flutnings.

Vinsamlega hafið samband í síma 565 2919 eða 863 1311.

SÖRLI

Keramik-kastalinn ehf



Allt fyrir keramikunnendur

Höfum til sölu mikið úrval af ómáluðum keramikvörum, penslum og litum.

Keramik-kastalinn ehf

Högnastíg 56, 845 Flúðir

Sími: 471 3899, 486 6700

Gsm: 898 6678

Opið frá kl. 13-17 eða eftir samkomulagi

Ný símanúmer hjá Hrunamannahreppi

Beint innval

480-6600	Skrifstofa
480-6601	Skrifstofa/sveitarstjóri
480-6602	Skrifstofa
480-6603	Skrifstofa/þráðl.
480-6606	Skrifstofa/bréfsími
480-6608	Skrifstofa/hitaveita
480-6610	Flúðaskóli/kennarastofa

480-6611	Flúðaskóli/skólastjóri
480-6612	Flúðaskóli/aðst.skólastj
480-6613	Flúðaskóli/fundarherb
480-6614	Flúðaskóli/Félagsheimili
480-6615	Flúðaskóli/þráðl.kennarast
480-6616	Flúðaskóli/bréfsími
480-6617	Flúðaskóli/þráðl.tölvuh.
480-6620	Leikskóli
480-6621	Leikskóli/vinnuherb
480-6622	Leikskóli/kaffistofa
480-6623	Leikskóli/þráðl.

Greinakurlari.

Eins og undanfarin ár verður greinakurlari til útleigu í vor. Allar nánari upplýsingar hjá Tómasi Þóri í síma 899-3092.

Frá Fótboltadeild UMFH.

Æfingatímar í sumar:

Út maí mánuð verða æfingar sem hér segir.

Þriðjudagar: Óbreytt,

Fimmtudagar í Torfdal

5 - 6 bekkur kl **16:00-17:00**

7 - 8 bekkur kl **17:00-18:00**

9 - 10 bekkur kl **20:00-21:30.**

Frá 1. júní.

Karlaflokkar.

Sunnudagar: 7 og 8 bekkur 4. fl. kl **20:00-22:00**

Þriðjudagar: 7 og 8 bekkur 4. fl. kl **20:00-22:00**

Fimmtudagar: 7 og 8 bekkur 4.fl. kl **19:00-20:30**

Mánudagar: 9 og 10 bekkur 3. fl. kl **20:00-22:00**

Miðvikudagar: 9 og 10 bekkur 3.fl. kl **20:00-22:00**

(æfingar á miðvikudögum í Árnesi)

Fimmtudagar: 9 og 10 bekkur 3. fl. kl **20:30-22:00**

Kvennaflokkur:

7 til 10 bekkur: Mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. **19:00-20:00**

Nánari upplýsingar hjá Sigfúsi í síma 868-6306

Heimir Gunnarsson þjálfari þakkar fyrir góðan fótboltavetur og gott samstarf.

Pizzur í Kaffi-Seli	9"	12"	16"	18"
Hola í höggi Pepperoni, sveppir, laukur og grænar ólífur	1.000	1.400	1.750	2.100
Bördí Skinka, ananas og extra-ostur	9"	12"	16"	18"
Grínið Nautahakk, sveppir og paprika	1.000	1.400	1.750	2.100
Tí-ið Skinka, laukur, sveppir, paprika tómatar, grænar ólífur, ananas og piparkrydd	1.100	1.400	1.850	2.200
Röffið Extra-pepperoni, ferskur chili-pipar, laukur og pipar	9"	12"	16"	18"
Sprengjan Nautahakk, skinka, pepperoni, ananas, tómatar, paprika og laukur	1.200	1.500	2.050	2.400
Örninn Skinka, nautahakk, sveppir, tómatar, ananas, oreganó, piparkrydd og extra-ostur	1.200	1.500	2.050	2.400
Litla-Laxá Rækjur, túnfiskur og kræklingur	9"	12"	16"	18"
Bönker Camenbert, piparostur, extra-ostur og piparkrydd. Rifsberjahlaup fylgir.	1.100	1.500	2.050	2.400
Teigur	9"	12"	16"	18"
	1.000	1.200	1.650	2.000